

Andmæli við áform um byggingar á íþróttasvæði Fram.

Á kynningarfundum Umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar þann 11. nóvember sl. komu fram breytingartillögur á aðalskipulagi Reykjavíkur, um fyrirhuguð byggingaráform á íþróttasvæði íþróttafélagsins Fram.

Okkur stjórnendum í leikskólanum Álftaborg hugnast ekki byggingaráform á þessu svæði og leggjumst gegn tillögunni. Leikskólinn er nú þegar aðþrengdur af byggingum og liggur nálægt stórum umferðargötum eins og Miklubraut, Háaleitisbraut og Safamýri.

Við teljum að aukin byggð stóruki umferð í nágrenni skólans, sem er umtalsverð nú þegar. Við þurfum að gæta vel að heilsu barna með því að fylgjast náið með svifryksmengun sem fer langt yfir heilsuverndarmörk, þá daga sem miklar stillur eru. Þetta einskorðast ekki bara við vetrartímann heldur getur svifryksmengunin líka farið yfir mörkin á góðviðrisdögum á vorin.

Við finnum einnig fyrir því að græn svæði vantar sárlega í umhverfi barnanna og leggjum frekar til að grasfletinum /fyrirhuguðum byggingarreit verði breytt í útivistarsvæði íbúa, sem skólinn getur haft afnot af fyrir útikennslu, hreyfingu, umhverfismennt og leik.

Virðingarfyllt

Harpa Brynjarsdóttir leikskólastjóri

Natalia Ravva deildarstjóri